

# Samþykkt

## um skilti í Norðurþingi

### 1. Markmið

- 1 Markmið þessarar samþykktar er að leggja línur um gerð og staðsetningu skilta í Norðurþingi. Skilti skulu vönduð og gerð þannig að þau falli sem best að því umhverfi sem þau eru sett upp í. Skiltunum er fyrst og fremst ætlað að verða gagnleg og fróðleg fyrir vegfarendur. Megintexti skilta skal vera á íslensku. Við staðsetningu skilta skal tryggja að þau skerði ekki umferðaröryggi. Við niðursetningu skilta skal taka fullt tillit til hagsmuna og réttinda nágranna.

### 2. Almennar reglur

- 2.1 Með orðinu skilti eða auglýsing eða öðrum samsvarandi orðum, er í reglum þessum átt við hverskonar texta, myndir eða myndverk sem ætlað er að vekja athygli á vörum, þjónustu eða starfsemi hverskonar. Gildir einu hvort þau eru hreyfanleg, föst eða komið fyrir til lengri eða skemmri tíma. Sama er hvort þau eru sett á einkalóð, opinbert svæði eða á mannvirki, hvort sem er á spjöld, borða, flögg, máluð á húsvegg eða með öðrum sambærilegum hætti.
- 2.2 Skilti sem leyfð verða til upplýsingar í Norðurþingi, skiptast í eftirtalda fjóra flokka: Þjónustuskilti, auglýsingaskilti, ratmerki og bráðabirgðaskilti (viðburðarskilti). Samþykkt þessi tekur ekki til merkinga í umsjón Vegagerðarinnar.  
Um fjarlægð almennra skilta frá vegum og gatnamótum skal leita umsagna Vegagerðarinnar, með vísun til Vegalaga, greina nr. 33 og 35 og til sýslumanns með vísun til Umferðarlaga, 87. gr., 2. mgr. Umsögn Umhverfisstofnunar skal einnig liggja fyrir samkvæmt lögum nr. 44/1999, 43. gr. þar sem það á við. Einnig skal haft samráð við sameigendur og aðra rekstraraðila sem óska eftir uppsetningu á tilteknum stöðum, um sýna þjónustu, um uppsetningu eins skiltisstands er beri öll skiltin.
- 2.3 **Þjónustuskilti** tilgreina nafn fyrirtækis og/eða hvaða þjónusta er í boði. Heimilt er að setja utan á húseignir þjónustuskilti sem sýna nafn og heimilisfang fyrirtækja, þjónustu, starfsemi eða vörumerki þeirra fyrirtækja sem starfa innan lóðarinnar enda sé ekkert einstakt skilti stærra en 3 m<sup>2</sup> að grunnfleti og heildarflötur merkingarskilta (þjónustu- og auglýsingaskilta) minna en 10 m<sup>2</sup> innan lóðar án sérstaks leyfis byggingarnefndar. Óski aðilar heimildar fyrir frekari merkingum innan lóðar skal sækja um leyfi þar að lútandi til byggingarnefndar. Heimilt er að setja upp þjónustuskilti við afleggjara að áfangastöðum sem ekki liggja í alfaraleið að höfðu samráði við Vegagerðina og byggingarfulltrúa.
- 2.4 **Auglýsingaskilti** tilgreina vöru, vörumerki og/eða þjónustu og gæði hennar Heimilt er að setja utan á húseignir auglýsingaskilti enda sé ekkert einstakt skilti stærra en 3 m<sup>2</sup> að grunnfleti og heildarflötur merkingarskilta (þjónustu- og auglýsingaskilta) minna en 10 m<sup>2</sup> innan lóðar án sérstaks leyfis byggingarnefndar. Óski aðilar heimildar fyrir frekari merkingum innan lóðar skal sækja um leyfi þar að lútandi til byggingarnefndar. Heimilt er að setja

upp auglýsingaskilti við afleggjara að áfangastöðum sem ekki liggja í alfaraleið að höfðu samráði við Vegagerðina og byggingarfulltrúa.

- 2.5 **Ratmerki.** Ratmerki eru skilti sem upplýsa um stað og leið að tiltekinni þjónustu eða fyrirtæki. Heimilt er að setja upp leiðbeiningarkort af hverfum, bæjum og fyrirtækjum á þeim stöðum sem byggingar- og skipulagsnefnd ákveður. Ratmerkingar má heimila á ljósastaura og skal þá jafnan miða við allt að 60x60 cm auglýsingaflöt.
- 2.6 **Bráðabirgðaskilti/viðburðaskilti:** Viðburðaskilti, skilti eða auglýsing sem tengist nákvæmlega tímasettum viðburðum, s.s. hátíðum, sýningum, ráðstefnum, mótum og keppnum.
- A). Heimilt er að setja upp viðburðaskilti með leyfi skipulags- og byggingarfulltrúa. Í leyfi fyrir þeim skal tilgreina tímamörk.
- B). Hönnun á festingum fyrir viðburðaskilti, skal vera í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa.
- C). Byggingar- og skipulagsnefnd ákveður staðsetningu þeirra festinga sem nefnd eru í lið B, eftir tillögu skipulags- og byggingarfulltrúa.
- D). Staðsetning annarra viðburðaskilta er háð leyfi skipulags- og byggingarfulltrúa.
- E). Stærð viðburðaskilta skal ekki vera meira en 2 m<sup>2</sup>. Við staðsetningu þeirra skal einkum tekið mið af umferðaröryggi og annarra reglna eftir því sem við á.
- 2.7 **Sérákvæði um söluaðila hvalaskoðunarferða:** Hvalaskoðunarferðaaðilar hafa auglýst sýna starfsemi bæði ofan bakka (Verbúðarhús og Vísishús og nærliggjandi svæði) og neðan. Á og við þak verbúða og Vísishús verði heimilaðar sex fánastangir til auglýsingar hvalaskoðunarferða sem skiptist jafnt milli aðila og má hver einstakur fáni vera allt að 2 m<sup>2</sup> að stærð. Hvort fyrirtæki fær einnig heimild til að hafa eitt skilti ofan bakka, allt að 1,5 m<sup>2</sup> að fleti sem ekki standi hærra yfir jörðu en 150 cm. Hvort fyrirtæki um sig geti fengið leyfi fyrir einu “auglýsingahliði” að sinni aðstöðu ofan bakka og öðru við þjónustubryggjur. Hliðin mega vera allt að 3,5 m á hæð, 2,5 m að lengd og 2,5 m á breidd. Staðsetning skilta, hliða og fánastanga er háð samþykki skipulags- og byggingarnefndar.

### 3. Umsóknir og leyfisveiting

- 3.1 Hver sá sem óskar leyfis til að hanna eða koma fyrir leyfisskildu skilti skal skila skriflegri og undirritaðri umsókn til byggingarfulltrúa.

Hverri umsókn skal fylgja nafn, kennitala, heimilisfang og símanúmer eiganda skiltis og lóðarhafa sé hann annar.

Umsókn skal fylgja málsett afstöðumynd, útlitsteikning og sneiðingar í mælikvarðanum 1:100 eða 1:200 auk texta sem á skiltinu á að vera sem og aðrar upplýsingar sem taldar eru nauðsynlegar. Teikningar þessar skulu felldar inn á aðaluppdrátt lóðar eftir því sem við á. Fylgja skal greinargerð um uppsetningu, festingar og gerð skiltis.

Undirritað samþykki lóðarhafa/landeiganda ef hann er annar en umsækjandi sem og annarra lóðareigenda og/eða rekstraraðila ef fleiri eru en einn.

Leyfishöfum fyrir bráðabirgðaskiltum, er skylt að virða þau tímamörk sem leyfið tilgreinir.

Sveitarstjórn Norðurþings ákveður leyfisgjald í gjaldskrá.

#### **4. Eftirlit og refsíákvæði**

- 4.1 Eftirlit með skiltum er í höndum skipulags- og byggingarfulltrúa og skal hann einkum annast eftirfarandi:

Taka við og skrá umsóknir og tryggja að þau skilti sem leyfð eru og upp eru sett samrýmist reglunum og öðrum þeim skilyrðum sem sett kunna að verða

Vekja athygli á annmörkum hjá þeim sem setja upp skilti og gefa þeim frest til þess að bæta úr (skrifleg áminning). Undir þetta fellur líka almennt viðhald á skiltum sem er í höndum leyfishafa.

- 4.2 Refsíákvæði. Sé tilmælum skipulags- og byggingarfulltrúa skv. ákvæði 4.1 eða reglur þessar að öðru leyti brotnar getur hann eða skipulags- og byggingarnefnd beitt ákvæðum 11. kafla, grein 210, byggingarreglugerðar, (nr. 441/1998).

#### **5. Eldri skilti**

- 5.1 Þau skilti sem þegar hafa leyfi og eru með þeim hætti að sækja hefði þurft um leyfi skv. reglum þessum skulu halda því leyfi í 1 ár frá staðfestingu þessara reglna. Innan þess tíma skulu leyfishafar sækja um leyfi fyrir þeim að nýju ella fjarlægja skiltin.

Þau skilti sem sett hafa verið upp án leyfis skulu hlutaðeigandi aðilar fjarlægja innan þriggja mánaðar frá staðfestingu reglna þessara séu þau leyfis skyld skv. þessum reglum.

- 5.2 Brjóti þau skilti, sem um getur í grein 5.1 bersýnilega gegn ákvæðum um umferðaröryggi er byggingarfulltrúa þó heimilt að láta fjarlægja þau strax.

#### **6. Gildistaka**

- 6.1 Samþykkt þessi er sett með heimild í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 sbr. 37. gr. 6 mgr. og grein 6.2 í byggingarreglugerð nr. 441/1998.
- 6.2 Samþykkt þessi gildir innan lögsögu Norðurþings og öðlast hún gildi við samþykkt sveitarstjórnar Norðurþings.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn hefur samþykkt, öðlast strax gildi sem almennar vinnureglur skipulags- og byggingarnefnd um skiltamál í Norðurþingi.